

# FRÍMÚRARINN



Fréttblað Frímúrarareglunnar á Íslandi

2. tbl. 2. árgangur

Nóvember 2006



Meðal efnis:



Jónsmessufundur Rúnar bls. 6



Frá Minjasafninu bls. 8




Vináttufundur Andrésarbræðra bls. 12

# Allt frá (pípu)hatti oní (lakk)skó



softis@vortex.is



ADAM 

Laugavegi 47 • S: 551 7575 og 552 9122

## Frímúrarinn

### Ritstjóri:

Steinar J. Lúðvíksson (X),  
netfang: [stjl@simnet.is](mailto:stjl@simnet.is)

### Ritstjórn:

Einar Einarsson  
R&K YAR (ábm.),  
netfang: [einuna@simnet.is](mailto:einuna@simnet.is)

Björn Kristmundsson (X)

Guðbrandur Magnússon  
(IX), netfang:  
[gmagnus@yahoo.com](mailto:gmagnus@yahoo.com)

Steingrímur S. Ólafsson  
(VIII), netfang:  
[denni@islandia.is](mailto:denni@islandia.is)

### Auglýsingar:

Björn Kristmundsson (X)  
Klapparhlíð 5,  
270 Mosfellsbær  
Sími: 553 3847/894 4353

### Frímúrarinn:

Greinar sendist til  
[frimur@centrum.is](mailto:frimur@centrum.is)  
merktar „Frímúrarinn“

### Útgefandi:

Frímúrarareglan á Íslandi  
Skúlagata 53-55,  
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

Ritstjórn áskilur sér rétt til  
að ritstýra aðsendu efni.

### Prentun:

Prentmet Suðurlands,  
Selfossi.

Efni greina í blaðinu eru  
skoðanir höfunda og þurfa  
ekki að vera í samræmi við  
skoðanir Reglunnar.

### Forsíðumynd:

Frímúrarahúsið, Akureyri.

„Markmið Reglunnar  
er að göfga og bæta  
mannlífð.  
Reglan vill efla góðvild  
og drengskap með  
öllum mönnum  
og auka bróðurþel  
þeirra á meðal.“

# Regla

Það er oft haft á orði á okkar dögum að heimurinn sé að minnka og er þá átt við hnöttinn okkar, jörðina. Vissulega hafa samgöngur og raunar flestir hlutir gjörbreytt og við lífum tíma mjög örra breytinga. Þó er jörðin víst alveg jafn stór og hún hefur alltaf verið. Það er hins vegar afstætt hvort jörðin er stór eða lítil. Samanborið við ómælisvíddir alheimsins er hún agnarsmá. Alveg síðan ég var drengur hefur mér þótt ákaflega vænt um stjörnuhimininn sem hvolfist yfir okkur á björtu vetrarkvöldi. Hvílik undrasmið hvert sem litið er hvort þá heldur upp til stjarnanna í órafjarlægð eða skoðað lítið blóm eða dýr að ég tali nú ekki um manninn. Ef einhver efast um að sköpunin eigi sér höfund ætti hann að lesa fósturfræði. Það er mikið undur og sterkur kraftur sem knýr þá agnarfrumu sem í fyrstu er á stærð við lítinn tituprjónshaus en fer að skipta sér með miklum hraða. Það er sannarlega kraftaverk að þar skuli sjálfstæður einstaklingur vera á ferð og hafa þá þegar í sér búandi hvernig hann verður.

Hvað skyldi nú einkenna þessa undrasmið skapara himins og jarðar? Það er regla, fyrst og fremst regla. Við stillum atómklukkur hins ytra heims á jörðunni eftir gangi himintungla. Sólin og tunglið eru stundvís. Frumurnar sem skipta sér í legi móðurinnar raða sér upp af mikilli nákvæmni og mynda hin ólíku líffæri með undrahraða. Einnig er það þetta feiknarlega drama milli reglu og óreglu. Því eins og reglan er gjöful og blessunarrík og viðheldur heilbrigði og hamingju svo er óreglan skelfileg og stjórnláus. Hún leiðir af sér hörmungar og tortímingu. Skapari himins og jarðar kemur á reglu. Hann stofnar reglu. Hann snýr Kaos yfir í Kosmos. Hann setur ljósið inn í myrkrið, greinir dag frá nóttu og þurrlendið frá vötnunum. Setur veröldinni skipulag, lögmál og reglu. Enn erum við í sífellu með allri tækni og allri framför nútímans að skyggjast betur og betur inn í þessa reglu og



uppgötva nýja fleti og ný lögmál sem voru þar falin frá upphafi þó okkur væru þau ekki kunn.

Enn kynnist bróðirinn hægt og hægt reglu sinni og bergir af brunni hennar eftir því sem Guð gefur honum náð til sjálfum sér og öðrum til blessunar. Frímúrarareglan virkar kannski framandi í upphafi en þetta venst eins og ég segi stundum við ungbræðurna. Frímúrarareglan er listaverk, margslungið þrauthugsað listaverk. Þar verður engu ruglað nema til tjóns ekki fremur en leyfilegt er að mála ofan í Rembrandt eða Kjarval. Í upphafi felur reglan bræðrunum þetta verkefni að höggva til og slípa hrjúfa steininn, gefa honum form og reglu svo að hann verði nothæfur í bygginguna. Það er mikil viska fólginn í því að ná upp reglu í veröldinni og reglu í sjálfan sig. Það vill reglan gera. Slípa hrjúfa steininn þannig að hægt sé að fella stein við stein.

Úlfar Guðmundsson

# Vorhátíð 2006

Með ákvörðun SMR var ákveðið að halda sérstaka Vorhátíð í stað hefðbundins Jónsmessufundar á vegum St. Jóh. st. Eddu og fór hátíðin fram laugardaginn 13. maí sl.

Í sérstaka Vorhátíðarnefnd voru tilnefndir háttuppl. br. Einar Árnason, uppl. br. Gunnar Þórólfsson, háttuppl. br. Helgi Bragason, uppl. br. Hreggviður Danielsson og uppl. br. Kristján Eysteinnsson, sem jafnframt var kjörinn formaður nefndarinnar. Hélt nefndin allmarga fundi til undirbúnings á hátíðinni

Vorhátíðin var ekki kynnt almenningi, en fræðslunefnd Reglunnar tók að sér að senda tölvupóst til allra, er netföng höfðu, en fyrr um vorið höfðu Stmm. St. Jóh. st. í Reykjavík og nágrenni kynnt hátíðina á lokafundum stúknanna.

Dagskrá Vorhátíðar, sem fór fram í hátíðarsal Reglunnar, var blönduð hljómlist og söng. Hófst hún á forleik á orgel og fiðlu og söng Frímúrarakórsins á laginu „Gengið til starfa“ en því næst setti formaður nefndarinnar, Kristján Eysteinnsson, þá formaður Frímúrarakórsins hátíðina. Fram komu auk

Frímúrarakórsins, einsöngvarinn Eiríkur Hreinn Helgason, Hjörleifur Valsson fiðluleikari, Helgi Bragason organisti og píanóleikarinn Jónas Þórir Þórisson. Stjórnandi Frímúrarakórsins var Jón Kristinn Cortes. Að setningu formanns lokinni söng kórinn lagið „Velkominn“ og síðan söng Eiríkur Hreinn tvö einsöngslög „O Isis und Osiris“ og „Bræðralagið“ og því næst söng kórinn lagið „Bræðrasöngur“

Þá var komið að ávarpi Stórmeistara Frímúrarareglunnar á Íslandi og styrkveitingum úr Frímúrarasjóðnum. Um var að ræða þrjár styrkveitingar. Í fyrsta lagi til áframhaldandi rannsókna á einhverfu að fjárhæð kr. 300.000.- af þeirri fjárhæð sem úthlutað var á 50 ára afmæli Reglunnar og veitti Sigríður Lóa Jónsdóttir þeim styrk viðtöku og flutti þakkir fyrir. Í öðru lagi var Kristínu Björnsdóttur veittur styrkur til rannsókna í fötlunarfræðum í Englandi að fjárhæð kr. 673.000.- og veitti systir styrkþega, Halldóra Björnsdóttir honum viðtöku og flutti þakkir systur sinnar. Í þriðja lagi styrkur að

fjárhæð USD. 50.000.- til verkefnið á mænuveikisbólusetningu á vegum UNICEF í Nígeríu. Styrknum veitti viðtöku br. Einar Benediktsson fyrrv. sendiherra og flutti þakkir.

Að ávarpi SMR og þakkarávarpa fulltrúa styrkþega loknu lék Hjörleifur Valsson á fiðlu. Síðan flutti Frímúrarakórinn syrpu af lögum úr ýmsum áttum. Að því loknu sleit formaður Vorhátíðarnefndar samkomunni, en bauð gestum að þiggja kaffiveitingar og að skoða Regluheimilið. Að lyktum söng kórinn ásamt Eiríki Hreini Helgasyni lagið „Í fundarlok“ Leikin var tónlist er gestir gengu úr hátíðarsal.

Gestum var boðið að skoða Jóhannesarsalinn, Minjasafnið, bræðrastofuna og þá var, eins og fyrr sagði, gestum boðið að þiggja veitingar í borðsölum á 1. hæð

Nefndarmenn töldu að a.m.k. 350 manns hefðu mætt til þessarar hátíðar. Þótti tilhögun og kynning hafa tekist með ágætum og var ákveðið að næsta Vorhátíð verði haldin í Regluheimilinu laugardaginn 5. maí 2007 kl. 14:00

## Hvenær sem við kjósum

Ég hitti vitran mann um daginn sem miðlaði mér af visku sinni. Ég vona að mér takist að koma því til skila sem hann sagði:

„Það sem við íhugum og sérstaklega endurteknar hugsanir okkar, ákvarða stefnuna í lífi okkar. Hvenær sem við kjósum getum við ákveðið að breyta því öllu. Hvenær sem við kjósum getum við opnað bókina sem opnar fyrir ný svið þekkingar. Hvenær sem við kjósum getum við byrjað á einhverju nýju.

Hvenær sem við viljum getum við byrjað að breyta lífi okkar. Við getum það strax, í næstu viku, í næsta mánuði eða á næsta ári.

Við getum líka ákveðið að gera ekki neitt. Við getum þótt í stað þess að framkvæma. Og ef okkur þykir tilhugsunin um að breyta okkur sjálfum óþægileg, getum við verið áfram eins og við erum. Við getum valið hvíld umfram vinnu, skemmtun umfram lærdóm, blekkingu í stað sannleika, efa frekar

en sjálfstraust. Við eigum völin. En um leið og við bölvum afleiðingunum erum við að rækta orsökina. Eins og Shakespeare sagði: „Sökin er ekki í afstöðu stjarnanna, heldur okkur sjálfum.“ Við sköpum aðstæður okkar með fyrri ákvörðunum okkar. Við höfum bæði getuna og ábyrgðina til að taka betri ákvarðanir - og hefjast handa í dag.“

*Guðbrandur Magnússon*



# Kristín Þórdís Ágústsdóttir

## IN MEMORIAM

Kristín Ágústsdóttir lést 13. ágúst s.l. Ég veit, að margir gætu tekið undir með mér, þegar ég segi, að hún hafi skapað fagra minningu í huga mér. Við kynntumst fyrst við prestsverk í fjölskyldu hennar og Sigurðar Arnar Einarssonar, eiginmanns hennar, en svo síðar og æ betur vegna samstarfs okkar Sigurðar innan Frímúrarareglunnar á Íslandi. Kristín var yndisleg kona. Hún mætti okkur vinum þeirra hjóna ætíð rík af hlýju og kærleika, sannri umhyggju fyrir okkur og velferð okkar. Slíkir samferðamenn eru meira virði en margir ætla, og þegar dýpra er hugsað, sjáum við, að þeir eru meðal gleggstu varðanna við veg lífshamingjunnar.

Þau Sigurður bundust ung ævityggðum. Á þeim árum sóttu þau mikið í hið góða samfélag innan KFUM og K, þannig að trú þeirra og kærleikur fléttuðust saman og gáfu þeim fagarar vonir um gæfuríka framtíð. Saga þeirra sýnir, að bænir þeirra í þeim efnun hafa verið heyrðar.

Ég vitna stundum til byggingarlistar Forn-Grikkja, þegar ég þarf að lýsa fallegu hjónabandi og heimilinu, sem er umgjörð þess. Opinberar byggingar þeirra voru bornar uppi af súlum. Byggingarlistin nefnir þrjár þekktustu gerðir þeirra Visku, Styrk og Fegurð. Kynni mín af Kristínu segja mér, að andi þeirra heita hafi verið mjög sterkur í öllu hennar lífi. Það hefur verið Sigurði ómetanlegt að eiga slíkan lífsförunaut og okkur vinum þeirra að mæta slíkum hug í öllum okkar



samskiptum. Þetta hefur ekki síst verið mikilvægt, bæði honum og okkur reglubræðrum hans, er hún hefur staðið falleg og sterk við hlið hans, hvar sem hann hefur komið fram fyrir hönd frímúrarara bæði innan lands og utan. Þakklætið fyrir þá hluti hljómar nú sterkt frá okkur bræðrunum og eiginkonum okkar.

Erfið veikindi hafa sett mark sitt á síðustu árin. En þá fannst mér Kristín ætíð tala á sama veg og Helen Keller, er sagði: „Horfðu mót ljósinu, þá sérðu ekki skuggana.“ Þannig gerði hún erfiðleikana að skapandi afli í lífi sínu og ávann sér, ekki síst með þeim hætti, virðing og vináttu. Trú hennar skipti þar sköpum. Og hún var ekki bara samfléttuð kærleikanum, heldur

einnig voninni, hinni kristnu von og vissu um líf eftir líf, líf í handleiðslu Kristis, þar sem huggunin sterka er ekki síst fólgin í því sem listaskáldið góða orðaði svo vel, að „anda sem unnast fær aldregi eilífð að skilið.“

Orðin eru fá og fátækleg, en bak við þau býr þakklæti fyrir fagra minning, vel þeginn kærleika og sú trú og von, sem í dag skipta mestu máli. Með mér í þessu öllu er stór bræðrakeðja, öflugur vinahringur, sem vill umvefja Kristínu og ástvini hennar því besta, sem lífið geymir.

*Þórir Stephensen ÆKR*

# Jónsmessufundur og ferð Rúnar 2006

Hinn 24. júní var fagur sumardagur er þrúðbúnir menn gengu til Frímúrarahússins á Akureyri. Jónsmessufundur bræðranna í Rún var að hefjast. Bræður tókust í hendur, bros á vör og kveðjan, sæll vinur, gleðilega hátíð. Menn skreyttu sig með rós og gengu

til starfsins. Hugljúf tónlist og söngur æfðra radda veitti fundinum fyllingu. Hið veraldlega glys var svo fjarri.

Að loknum fundi var gengið í borðsal þar sem bræðurnir luku góðum fundi með bróðurmáltíð. En að þessu sinni yfirgáfu nokkrir

bræður húsið, tóku með sinn skerf af bróðurmáltíðinni og báru hann um borð í eikarbátinn Húna II sem bundinn var við hina fornu Torfunefsbyggju. Bátur þessi, sem nú er eign Íðnaðarsafsins á Akureyri, er 132 tonna eikarbátur sem smíðaður var hjá skipasmíðastöð KEA á Akureyri árið 1963. Húni II er stærsti eikarbátur sem við eigum Íslendingar sem hér hefur verið byggður og er næsta óbreyttur frá upphafi. Skipulögð hafði verið ferð fyrir Rúnarbræður og gesti þeirra síðar um kvöldið og öll áhöfn bátsins var skipuð frímúrurum. Skipstjóri var Sveinn Hjálmarsson margreyndur aflaskipstjóri sem hefur siglt um 1000 ferðir um Eyjafjörð. Stýrimaður var Ellert Jón Guðjónsson einnig reyndur skipstjóri jafnt á fiskiskipum sem fraktskipum. Vélstjóri var Gunnar Kristinsson sem enn tekur túr og túr til sjós en vinnur hjá Olís. Hásetar voru greinarhöfundur, formaður Húnasamtakanna, sem lærði skipasmíðar og vann við smíði Húna II. Yngsti áhafnarmedlimurinn er Valgeir Ingason háseti.



Í brúnni: F.v. Sveinn Hjálmarsson, skipstjóri, Gunnar Kristinsson, vélstjóri og Ellert Guðjónsson, skipstjóri.



Kirkjugestir taka lagið.

Í dagbók skipstjóra er skrifað: „Landfestar leystar frá Torfunefsbyggju kl.19:25 siglt fyrir Oddeyrartanga, stefna tekin grunnt undan Svalbarðseyri“. Ætlunin var að báturinn væri kominn að byggju að Árskógssandi klukkan 22:00. Norðan hafgola var á Eyjafirði en tafði á engan hátt för Húna II. Sólin kom af og til fram með geisla sína og framundan var hið besta veður. Bróðurmáltíð skipshafnarinnar var snædd í matsal bátsins.

Aftur má lesa úr dagbók skipstjóra: „Kl. 20:10 erum 0,2 sm. undan Svalbarðseyri“.

Klukkan 22:05 voru settar upp landfestar á byggjunni á Árskógssandi. Þar beið okkar fríður hópur alls 70 Rúnarbræðra og gesta.



Eftir stutt stopp voru landfestar leystar og stefna tekin til Hríseyjar. Tæpum hálf tíma síðar var lagst að bryggju í Hrísey. Hópurinn gekk nú upp í kirkju staðarins utan Halldórs Hallgrímssonar f.v. skipstjóra og lærimeistara Sveins sem tók að sér að líta til með skipinu. Halldór sem í tugum ára var aflasæll togaraskipstjóri er einnig frábær hagarðingur. Halldór orti:

*Á ári ljóssins upphöfst vegferð þín  
og alltaf síðan mörkuð var sú stefna.  
Að efla trú og traust á verkin sín  
og til þess höfðað loford sín að efna.*

Í Hríseyjarkirkju hittum við fyrir Séra Huldu Hrönn Helgadóttur sóknarprest. Hún sagði okkur sögu kirkjunnar og kirkjumuna. Sungin var sálmur við undirleik Daníels Guðjónssonar söngstjóra Rúnar og Ólafur Ásgeirsson stm. Rúnar sagði nokkur orð. Síðan var gengið um og byggðin skoðuð en klukkan 23:50 voru landfestar leystar og stefna tekin vestur fyrir Hrísey. Vonuðust nú allir til þess að fá að sjá til sólar og njóta þess er dagur og nótt verða eitt. Þegar tíminn verður afstæður og maðurinn upplifir sköpunina og mátt ljóssins. Nokkru áður hafði mátt sjá geisla sólarinnar yfir Hvanndalabjargi en nú hrönnuðust upp dökk ský er byrgðu sólarljósinu leið að haffletinum. Þetta skyggði

þó ekki á fegurð fjarðarins. Á móts við Ystabæ sneri skipstjórinn skipinu og tók stefnu að Árskógssandi. Nú var harmonikkan komin í fang ungróður sem gerst hafði félagi á Jónsmessufundinum. Spilaði hann



*Stefnt norður Eyjafjörð.*

af leikni íslensk alþýðulög við góðar undirtektir kórfélaga og gesta. Það var ánægður hópur er steig í land á bryggjunni á Árskógsströnd. Menn tókust í hendur og föðmuðust, lofuðu stundina og félagsskapinn. Áhöfnin leysti landfestar á ný og stefndi inn fjörðinn til Akureyrar. Báturinn leið inn fjörðinn í tignarlegri birtu næturinnar. Smáhvalir léku sér við skipshlið. Stillan var algjör. Skipverjar spjölluðu saman og nutu samverunnar.

Undan Galmarströnd komu upp

í hugann kvæði Davíðs frá Fagra-skógi.

*Loks eftir langan dag  
lít ég þig helga jörð  
seiddur um sólarlag  
sigli ég inn Eyjafjörð.*

Vel var hægt að taka undir með skáldinu,

*hægara skaltu skip  
skriða inn Eyjafjörð.*

Skipstjórinn bókar klukkan 03:35: „Landfestar við Torfunefsbruggju. Slökkt á siglingaljósum og gengið frá skipinu“. Ánægðir takast bræðurnir í hendur, þakka samveruna og hverfa til síns heima.

Að ferðalokum. Greinarhöfundur hefur rætt þá hugmynd að Jónsmessuhátíðin á Akureyri verði eflað og sér greinarhöfundur fyrir sér að gera mætti hana að árlegri Jónsmessuhátíð frímúrara á Íslandi. Þar myndu bræður hittast með fjölskyldur sínar, kynnast betur og efla bræðralagið. Mætti tengja marga viðburði helgarinnar komu bræðra víðsvegar að.

*Með bróðurlegri kveðju.  
Steini Pje Akureyri.*

## Nýr stólmeistari St. Jóh. st. Mímis



Hinn 09. október tók br. Sveinn Grétar Jónsson við embætti stólmeistara St. Jóh. st. Mímis af br. Ólafi Karlssyni sem gegnt hafði embættinu í 8 ár.

Br. Sveinn Grétar er fæddur 16.05. 1946. Hann starfaði hjá Landsbanka Íslands árið 1964 - 1966, var kennari að Jaðri 1966 - 1969 og verslunarstjóri Sportvals 1969 - 1983. Sveinn Grétar var svo aðstoðarfrankvæmdastjóri bæði Hljóðrita og Halldórs Jónssonar ehf. og hefur verið framkvæmdastjóri KRISTA ehf frá 1970.

Br. Sveinn hefur verið virkur í starfi skáta á Íslandi, knattspyrnufélagsins Víkings, Varðbergs, JC og fleiri félaga um langt árabil.

Br. Sveinn gekk í St. Jóh. st. Mími árið 1993 og hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir stúkuna, verið varaeldri stólvörður og ritari. Hann varð annar varastólmeistari á árunum 2003 - 2006 og fyrsti varastólmeistari frá árinu 2006. Hann var jafnframt formaður bræðranefndar frá árinu 2004.

# Frá Minjasafninu

## Einkenni og orður br. Gríms Thomsens

Eitt er það sem við hjá Minjasafni Reglunnar erum ákaflegar stoltir af, það eru stúkueinkenni Gríms Thomsens skálds og alþingismanns. Þessir munir eru eitt af því fyrsta sem safninu áskotnaðist og eru merktir númer eitt í minjaskránni.

En nýlega eignaðist minjasafnið einnig tvær orður sem tilheyrðu br. Grími sem er sannarlega kærkomin viðbót við stúkueinkennin hans.

Grímur Thomsen gekk í dönsku Frímúrararegluna árið 1858 og var fimmti Íslendingurinn sem það gerði. Hann var tekinn inn í St. Jóh. st. Z & F í Kaupmannahöfn móðurstúku Eddu, fyrstu íslensku stúkunnar.

Grímur starfaði í utanríkisþjónustu Dana um árabíl, ferðaðist víða á hennar vegum og var m.a. í sendinefndum Dana í Belgíu og á Englandi. Frami hans í þjónustu Dana var nokkuð skjóttur og fannst því mörgum löndum hans á þeim tíma hann vera heldur vilhallur Dönum en því var alls ekki svo farið.

Grímur hlaut ýmsar viðurkenningar fyrir störf sín í utanríkisþjónustunni m.a. fyrir þýðingar sínar úr frönsku yfir á dönsku.

En af fjórum orðum sem vitað er um að hann hafði hlotið eru tvær þeirra nú í eigu Minjasafns Reglunnar en þær eru:



Br. Grímur Thomsen

### Orða frönsku Heiðursfylkingarinnar (Riddari) og Kommander-orða Leopolds I af Belgíu.

Auk þessara viðurkenninga hlaut hann einnig Riddaraorðu af Dannebrog og konunglegu Guelphic af Hanover orðuna, en þær eru báðar taldar glataðar.

Eftir að Grímur lauk störfum hjá Dönum flutti hann til Íslands og gerðist bóndi að Bessastöðum og síðar alþingismaður.

Stúkueinkenni hans og embættismannakorði er gjöf frá ekkju hans Jakobínu Jónsdóttur frá Reykjahlíð. Hún hafði varðveitt

þessa muni en þegar hún lést 1919 eignaðist Reglan þá.

Br. Sveinn Kaaber fyrrv. Minjavörður Reglunnar sagði okkur litla sögu sem tengist þessari gjöf og er hún eftirfarandi:

*Þegar kona Gríms féll frá fóru nokkrir frímúrarar sem þá bjuggu í Reykjavík, í ferð til Bessastaða til að vera viðstaddir jarðarför hennar. Þetta var um hávetur og mikil hálka þegar Matthías Einarsson og Magnús Skaftfeld lögðu af stað akandi áleiðis til Bessastaða. Þegar þeir voru komnir að Kópavogsbrúnni vildi svo illa til að bifreið Matthíasar rann til í hálkunni og lenti út af veginum og á kaf í Kópavogslækinn. Magnús sem ók á eftir gat stöðvað í tæka tíð og farþegar í þeirri bifreið komu til bjargar mönnunum úr bifreiðinni sem lá í læknum. Matthías Einarsson komst fyrstur út, enda var hann heljarmenni og bjargaði öðrum farþegum út úr bílnum og kom þeim í land. Arent Claessen sem var með í þessarri ferð rifbeinsbrotnaði og var nærri drukknður. Bílstjórann drógu þeir síðan upp úr læknum og var hann orðinn meðvitundarlaus. En pípuhattar farþeganna flutu út fjórðinn.*

Jón Þór Hannesson M.v.R



Stúkueinkenni Br. Gríms Thomsens.



T.v. Kommander orða Leopolds I, af Belgíu og t.h. Orða frönsku heiðursfylkingarinnar (Riddari).






## Gæði glersins skipta öllu máli

Með notkun **Suncool™ HP** gæðaglers frá Glerborg er auðvelt að halda kjörhita innandyrna og hitaúttreymið er lítið.



imgus - 08-0185

Dalshrauni 5 | 220 Hafnarfirði | Sími 555 3333 | [www.glerborg.is](http://www.glerborg.is)



Langflottastur í lit...

Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

## nashuatec

Gæðatæki á verði  
sem kemur á óvart



Einfaldaðu reksturinn og lækkaðu rekstrarkostnaðinn með nýrri vél frá Nashuatec.

Prentaðu/ljósritaðu í lit eða í svart/hvítu, skannaðu og faxaðu með sömu vélinni.

Hafðu samband við sölumenn okkar og sjáðu hvað við getum gert fyrir þitt fyrirtæki.

Fremstir í prentækjum frá 1953

**OPTIMA**  
Vinlandsleið 6-8 588 9000

[www.optima.is](http://www.optima.is)

# Jóhannes 2006

Fræðslufundur á vegum Fræðslunefndar Frímúrarareglunnar á Íslandi, St. Jóh. stúknanna Rúnar, Njálu og Mælifells, og St. Jóh. fræðslustúknanna Vöku, Draupnis og Drafnar var haldinn í Frímúrarahúsinu á Akureyri laugardaginn 28. október sl.

Að morgni fræðsludagsins buðu Rúnarbræður systur að skoða Frímúrarahúsið á Akureyri og var þátttaka góð. Kl. 13:00 setti Ólafur Ásgeirsson, Stm. Rúnar, sameiginlegan hluta fræðslufundar á fyrstu þremur stigunum. Að loknu ávarpi SMR, Sigurðar Arnar Einarssonar, voru flutt þrjú erindi. Þau fluttu varaoddviti Stúkuráðs, Bent Bjarnason, MBR; Einar Einarsson, YAR, oddviti Fræðaráðs og Eiríkur Finnur Greipsson, Stm. Njálu.

Að loknu kaffihléi hófst stigbundinn hluti fundarins. Á ungbræðrastigi héldu Sveinbjörn Ragnarsson, Vm. Mælifells, og Steindór Haraldsson, Rm. Mælifells, erindi en fundarstjóri var Sigurður Hlöðversson, V.Stj.Br. í Dröfn. Á Meðbræðrastigi héldu Kristján Haraldsson, fv. Stm. Njálu, og Ólafur



*Gunnar Jónsson og Sigurður Hjörleifsson spjalla saman.*

Helgi Kjartansson, Njálu, erindi en fundarstjóri var Jónas Þór Jóhannsson, Stj.br. í Vöku. Á Meistarastigi héldu Sr. Þorgrímur Daníelsson, Rún, og Sr. Gunnlaugur Garðarsson, Rún, erindi en fundarstjóri var Sr. Sighvatur Karlsson, Y.Vbr. í Draupni.

Þetta er annað árið í röð sem

Frímúrarareglan á Íslandi heldur fræðslufund sem þennan og þykja báðir hafa heppnast sérlega vel. „Jóhannes 2006“ sóttu um 140 bræður víða af landinu sem þarna fengu tækifæri til að kynna sér ýmis mál og hugmyndir og skiptast á skoðunum við bræður sína.

## Hornsteinslagning St. Jóh. st. Mælifells

Stórmeistari Frímúrarareglunnar á Íslandi, Sigurður Örn Einarsson, lagði þann 29. október hornstein að húsi Frímúrarara á Sauðárkróki og aðstoðuðu embættismenn St. Jóh. st. Mælifells við þá athöfn ásamt Einari Birni, fv. DSM, Einari Einarssyni, YAR og Júlíusi Egilssyni, St. Sm.. Þar sem ekki var hægt að koma öllum þeim fjölda fólks, sem viðstatt var athöfnina, fyrir þar sem hornsteinninn var lagður brugðu bræðurnir á það ráð að hafa myndatökuvél á því svæði ásamt hljóðtækjum og var því varpað á stórt tjald í matsal hússins. Að athöfninni lokinni var boðið til kaffisamsætis. Ávörp fluttu m.a.

Stórmeistari Frímúrarareglunnar á Íslandi, stólmeistari Mælifells, Páll Dagbjartsson og vara-meistari, Sveinbjörn Ólafur Ragnarsson. Þá afhentu yfirvöld á Sauðárkróki stúkunni blóm frá bæjarstjórn og fylgdu góðar óskir þeim. Áætlað er að um 100 - 120 manns hafi verið viðstaddir athöfnina, sem var afar falleg og



*Sigurður Örn Einarsson SMR, séra Sigurður Guðmundsson f.v. vígslubiskup og Stm. Mælifells Páll Daníelsson.*

áhrifarík. Allur undirbúningur var Mælifellsbræðrum til mikils sóma.



## In Memoriam



**Ólafur Erlendsson** - RÚN - IX  
24.04.1926 - ☐ 22.02.1964 - † 17.10.2005

**Gestur B. Magnússon** - MÍMIR - VI  
09.06.1928 - ☐ 11.11.1976 - † 02.11.2005

**Einar Oddsson** - RÖÐULL - IX  
20.04.1931 - ☐ 27.01.1969 - † 17.11.2005

**Sigurður J. Hendrikss.** - NJÖRÐUR - IX  
28.03.1946 - ☐ 27.01.1986 - † 20.11.2005

**Óli J. Blöndal** - RÚN - IX  
24.09.1918 - ☐ 03.05.1975 - † 27.11.2005

**Páll Hallgrímsson** - RÖÐULL - X  
06.02.1912 - ☐ 27.11.1956 - † 03.12.2005

**Viggó Einarsson** - GIMLI - X  
21.10.1928 - ☐ 22.01.1962 - † 08.12.2005

**Sigurpáll A. Ísfjörð** - GIMLI - VIII  
06.04.1922 - ☐ 08.03.1982 - † 17.12.2005

**Steingrímur Bernharðsson** - RÚN - IX  
16.06.1919 - ☐ 22.10.1947 - † 20.12.2005

**Magnús Már Lárusson** - HAMAR - X  
02.09.1917 - ☐ 20.03.1944 - † 15.01.2006

**Örn Vilhjálmsson Þór** - EDDA - IX  
19.09.1931 - ☐ 29.03.1955 - † 22.01.2006

**Halldór Guðmundsson** - RÖÐULL - X  
20.05.1935 - ☐ 19.02.1974 - † 26.02.2006

**Gunnlaugur P. Kristinsson** - RÚN - X  
07.08.1929 - ☐ 16.01.1963 - † 10.03.2006

**Kristján Símonarsson** - HAMAR - X  
29.07.1917 - ☐ 25.11.1947 - † 16.03.2006

**Eiríkur Harðarson** - GIMLI - VI  
28.06.1960 - ☐ 02.02.1987 - † 21.03.2006

**Guðjón Kr. Sveinsson** - EDDA - VIII  
27.01.1950 - ☐ 08.05.1992 - † 29.03.2006

**Valdimar Þ. Einarsson** - EDDA - X  
12.09.1923 - ☐ 01.12.1970 - † 01.04.2006

**Bragi Melax** - GLITNIR - VIII  
01.09.1929 - ☐ 09.11.1988 - † 02.04.2006

**Arnór Lúdvík Hansson** - MÍMIR - IX  
10.02.1920 - ☐ 10.03.1980 - † 03.04.2006

**Númi Ó. Fjeldsted** - GLITNIR - VIII  
16.02.1933 - ☐ 09.04.1997 - † 20.04.2006

**Gunnar S. Sigurðsson** - GIMLI - III  
12.04.1939 - ☐ 10.04.1972 - † 10.05.2006

**Jóhann Sigurðsson** - RÚN - IX  
03.08.1934 - ☐ 04.03.1970 - † 01.06.2006

**Hallgr. P. Guðmundsson** - MÍMIR - V  
12.11.1971 - ☐ 02.04.2001 - † 06.06.2006

**Aðalsteinn Jósepsson** - RÚN - X  
27.06.1930 - ☐ 20.02.1963 - † 10.06.2006

**Þorleifur Jónsson** - HAMAR - X  
10.05.1933 - ☐ 03.02.1976 - † 13.06.2006

**Eiður Arnarsson** - HAMAR - VII  
16.10.1951 - ☐ 24.02.1987 - † 21.06.2006

**Bragi Einarsson** - RÖÐULL - III  
19.08.1929 - ☐ 22.10.1974 - † 17.07.2006

**Örn Jóns Petersen** - EDDA - VI  
29.08.1952 - ☐ 20.11.1984 - † 19.07.2006

**Helgi Valdimarsson** - MÍMIR - X  
07.08.1928 - ☐ 14.12.1964 - † 25.07.2006

**Eiríkur Magnússon** - GIMLI - X  
06.01.1921 - ☐ 28.03.1966 - † 05.08.2006

**Þorvarður Guðmundss.** - MÍMIR - X  
31.08.1928 - ☐ 09.04.1973 - † 07.08.2006

**Bóas G. Sigurðsson** - EDDA IX  
26.07.1940 - ☐ 12.11.1982 - † 10.08.2006

**Karl Vilhelmsson** - MÍMIR - X  
22.08.1931 - ☐ 23.10.1961 - † 11.08.2006

**Bjarki Magnússon** - GLITNIR - X  
28.07.1929 - ☐ 11.01.1972 - † 13.08.2006

**Pétur Maack Þorsteinss.** - EDDA - IX  
21.12.1919 - ☐ 14.10.1958 - † 23.08.2006

**Tryggvi Gunnar Blöndal** - EDDA - X  
03.07.1914 - ☐ 18.03.1947 - † 13.10.2006

**Anton S. Jónsson** - SINDRI - VIII  
27.04.1942 - ☐ 11.01.1994 - † 13.10.2006

**Páll G. Guðjónsson** - HAMAR - X  
08.01.1918 - ☐ 18.01.1972 - † 31.10.2006

## Taktu lagið með okkur

Flestir hafa ánægju af því að taka lagið stöku sinnum til dæmis í sturtunni sjálfum sér til ánægju.

Við, sem störfum í Frímúarakórnum, eigum það sameiginlegt að við njótum þess að syngja saman. Þó við hittumst ekki oft, að öllu jöfnu á laugardagsmorgnum yfir vetrarmánuðina, þá eru þetta miklar ánægjustundir þar sem ýmsir hafa uppgötvað áður dulda hæfileika.

Við viljum nú gjarna fá nýja félagu til liðs við okkur. Við vitum að margir bræður hafa hugleitt að slást í hópinn en kannski vantað frumkvæði eða næga hvatningu. Kannski ert þú einn af þeim?

Inntökuskilyrði eru ekki ströng en þó er mikilvægt að þú sért sémilega lagviss. Engar kröfur eru gerðar um söngnám eða fyrri reynslu af kórstarfi - þó slíkt sé auðvitað ótvíráður kostur í flestum tilvikum.

Við bjóðum nýja kórfélaga velkomna á æfingu til okkar næstu laugardaga. Nánari upplýsingar veitir Sigmundur Örn í síma 822-1220.

Stjórn Frímúarakórsins.



# Göngu-, skoðunar- og fjölskylduferðir Eddu

Undanfarin sumur hafa Eddu-bræður og fjölskyldur þeirra farið í gönguferðir. Hugmyndin að þessum ferðum er að bræður hittist yfir sumartímamann, stundi örlytla líkamsrækt saman og kynni sér síðan staðhætti og fái auk þess smá fróðleiksmola um söguna. Bræðranefndin hefur yfirumsjón með ferðunum og kallar til bræður til að skipuleggja og hafa forystu um einstaka ferðir. Í sumar voru farnar fimm ferðir sem hér verður lýst stuttlega.

1. Gengið var um nýbyggingasvæðið í Garðabæ, Sjaland. Thomas Kaaber uppfærði menn um „vatnspóstana“ og uppbyggingu svæðisins. Í lok göngunnar buðu hjónin Thomas og Helga þátttakendum upp á kaffi og meðlæti.

2. Um mánaðarmótin maí-júni var fyrirhuguð ganga á Úlfarsfell. Þessi ferð er orðin árviss því þetta er í fjórða skiptið sem farið er á Úlfarsfellið. Veður var ekki til langferða, 7 stiga hiti, rok og rigning. Engu að síður mættu 13 manns og upp fóru þau. Þegar niður kom hafði Kristján A. Kristjánsson komið bíl sínum fyrir og var með heitt á könnunni og á meðan fólk fékk í sig

yl, las Páll Ólafur Pálsson pistil um hernámsárin sem tekin var úr sögu Mosfellsbæjar.

3. Nú var það Álftanesið. Mæting var í Bessastaðakirkju sem stóð okkur opin. Síðan var gengið um nesið og náttúran og fuglalífið skoðað.

4. „Miðbæjar“-gangin var farin 18. júlí. Farið var um gamla Austurbæinn, Skólavörðuholtið, Freyjutorg og Baldurstorg. Leiðsögumaður í ferðinni var Birna Þórðardóttir.

5. Fjölskylduferð var farin 11.-13. ágúst. Húsbílar, fellihýsi, tjaldvagnar og tjöld. Ferðinni var heitið að

Smáratúni í Fljótshlíð. Hákon J. Hákonarson og Gunnar Jónsson höfðu skipulagt dagskrá sem samanstóð af „dekrei“ fyrir systurnar, fjallgöngu, kyrrðarstund, varðeldi og síðast en ekki síst messu á sunnudagsmorgni að Hlíðarenda þar sem sr. Ónundur Björnsson messaði.

Þátttakendur í þessum ferðum voru frá 20 til 40. Allt gekk snurðulaust fyrir sig og voru menn ánægðir með hvernig til tókst.

Bræðranefnd Eddu.



Harðsnúnir bræður og systur úr St. Eddu á tindi Úlfarsfells.



## Kjölföt

Hágæða kjölföt og allir fylgihlutir

- Kjölföt m/svörtu vesti 42.900
- Pípuhattar 19.800
- Lakkskór 13.600

Skyrtur, slaufur og allir fylgihlutir.  
Berid samant verð og gæði.





Laugavegur 7 • 105 Reykjavík • Sími 551 3033

## Fundur um útgáfu og upplýsingatækni

Mánudaginn 11. september 2006 fór fram fundur Yfir-Arkitekta og fulltrúa Frímúrarablaða á Norðurlöndum í frímúrarahúsinu í Stokkhólmi. Fulltrúar Frímúrarareglunnar á Íslandi voru Einar Einarsson YAR, og hæstl. br. Steingrímur S. Ólafsson úr ritnefnd Frímúrablaðsins.



Meðal þess sem rætt var á fundinum var staða frímúrarara í fjölmiðlum, tímaritaútgáfu á norðurlöndunum, upplýsingatæknimál ásamt fleiri málum. Fundir sem þessir eru haldnir árlega og skiptast norðurlöndin á að halda fundinn. Næsta ár er komið að okkur Íslendingum og er reiknað með að fundurinn verði á Akureyri í sumarbyrjun 2007.



Amór L. Pálsson  
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson  
útfararstjóri



Frímann Andrésson  
útfararþjónusta



Svafar Magnússon  
útfararþjónusta

— REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST —



Hugrún Jónsdóttir  
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson  
útfararþjónusta



Halldór Ólafsson  
útfararþjónusta



Ellert Ingason  
útfararþjónusta

*Þegar andlát ber að höndum*

*Önnumst alla þætti útfararinnar*



**ÚTFARARSTOFA  
KIRKJUGARÐANNA**

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

**Loftræstikerfi**



**Kerrusmíði**



**Ál og Stálsmíði**



**Öll almenn blikksmíðavinna**

**BLIKKSMÍÐJAN  
BORG ehf.**

Flugumýri 8 • 270 Mosfellsbæ  
Sími: 587 6040 • Fax: 587 6045  
Framkvæmdastjóri: Sigurður B Hansen



Villt

á Grand Hótel Reykjavík



Fjögurra rétta villibráðarmatseðill  
Rauðvínsflaska  
Gisting fyrir tvo  
Morgunverður

Alls kr. 19.800 fyrir parið

Gildir allar helgar frá 20. okt. – 18. nóv.

Þú þarft ekki að vera utanbæjarmaður  
til að vera Grand!

Bókaðu á netinu [www.reykjavikhoteles.is](http://www.reykjavikhoteles.is)  
eða í síma 514 8000



Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | 514 8080  
veitingar@grand.is | www.grand.is





*Fagmennska í fasteignaviðskiptum*  
***Sími 511-1555***



**FASTEIGNASALA**  
**Brynjólfs Jónssonar**





## Suðurnesjalognið gerði keppendum erfitt fyrir á Landsmótinu í Leirunni

Landsmót Frímúrarara, fjölskyldumót, var haldið laugardaginn 19. ágúst sl. á golfvelli Golfklúbbs Suðurnesja í Leirunni skammt frá Reykjanesbæ. Það var Frímúrarar golfklúbbur frímúrarar sem stóð fyrir mótinu en golfnefnd Sindra bar hitann og þungann af keppninni sem tókst í alla staði frábærlega. Hundrað og sex keppendur voru skráðir í mótið; bræður, systur og niðjar (börn, tengdabörn og barnabörn). En þar sem Suðurnesjalognið var á þó nokkurri hreyfingu mættu „aðeins“ níttíu og átta til leiks - sem er nýtt Landsmótsmet!



Hörður Barðdal, sigurvegari í A flokki karla með forgjöf slær upphafshöggið á 6. braut.



Séð yfir golfvöllinn og var heldur kuldalegt á að líta.

Mótið var formlega sett í Frímúrarahúsinu í Reykjanesbæ á föstudeginum. Sindrabæður buðu keppendum þar léttar veitingar af rausn og sýndu húsakynninn. Þar gat meðal annars að sjá teikningar af nýju glæsilegu stórhýsi sem þeir hyggjast byggja á næstunni.

Að mótinu loknu var sameiginlegur málsverður og verðlaunaafhending í golfskálanum. Þar greindi Guðmundur S. Guðmundsson, formaður, m.a. frá því að Landsmótið 2007 verði haldið á Sauðárkróki.

Mótið gekk að öllu leyti vel en þó gerðu bilanir í mótakerfi GSÍ mönnum lífið leitt við verðlaunaafhendinguna. Allir keppendur skemmtu sér þó hið

besta og létu það ekki á sig fá þó sterkur vindur væri í fangið á flestum brautum.

Stjórn Frímánnans vill þakka golfnefnd Sindra og öllum Sindrabrr. sem lögðu hönd á plóg við undirbúning og framkvæmd Landsmóts frímúrarara 2006.

### Úrslit úr Landsmóti Frímúrarara, fjölskyldumóti

#### Úrslit:

#### A flokkur - bræðra án forgjafar

1. Sigurður Sigurðsson GS 74
2. Sigurður Albertsson GS 80
3. Magnús Ingi Stefánsson GR 84

#### A flokkur - bræðra með forgjöf

1. Hörður Barðdal GR 75
2. Ólafur Ólafsson GK 77
3. Hannes Ríkarðsson GR 77

#### B flokkur - bræðra punktkeppni

1. Hallbjörn Sævars GS 35
2. Kristján Helgason GR 34
3. Bjarni Ómar Guðmundsson NK 33

#### Systraflokkur - punktkeppni

1. María Jónsdóttir GS 28
2. Magdalena S. Þórisdóttir GS 26
3. Hrönn Þormóðsdóttir GS 24

#### Niðjar - punktkeppni

1. Heimir Snorrason GS 27
2. Ingibjörg Thelma Leópoldsdóttir GK 22
3. Friðgeir Atli Arnarsson - 20

#### Sveitakeppni stúkna - punktkeppni

##### 1. sæti sveit Sindra.

Þrjár hæstu töldu og fengu samtals 103 punkta.

Sveitina skipuðu: Sigurður Albertsson, Sigurður Sigurðsson, Jón Pálmi Skarphéðinsson og Örn Bergsteinnsson.



Nokkrir knáir bræður þreyttir að móti loknu.




## Gleðilegt veiðisumar 2007



VEIÐIHORNID

Hafnarstræti 5 Sími 551 6760  
Síðumúla 8 Sími 568 8410  
veidihornid.is



Hjá Úlfari

# Eru hvala vinir



Sako og Tikka Riflar

Byssuskápar frá  
Remington og Novcan



## Veidiland

Flugumýri 8 - 270 Mosfellsbæ  
Sími: 588 6830 - Fax: 588 5835  
Vefsíða: www.veidiland.is

Íslenskt handverk  
einkennir og vandabir hringar  
smíðaðir af Ívarri Björnssyni,

*Latna gjó þú  
væ tókun ver á milli þér!*

Attundu gráðu hringur



bjóðum alla gull og silfurmiðil,  
sármíðil, leðurgröft  
og viðgerðir.

Frímúrarahringurinn



hver hringur  
er námskráður  
og skráður

Gull & Demantur  
ANNA ELFÖRÞYR  
GULLSMÍÐAR OG LÆTTIÞYR  
Vatnshöfn 2 - 101 500 2002 & 101 1200 - 101 500 2002





**Bjarni reddar öllu.**

## **INNKAUPAKORT VISA**



- Innkaupakort VISA er ókeypis kreditkort.
- Ekkert stofngjald, árgjald eða seðilgjald.
- Kortið er ætlað í rekstrarinnkaup og kemur í stað beiðna- og reikningsviðskipta.
- Úttektartímabil er almanaksmánuður.
- Gjald dagi er 25. næsta mánaður.

Hægt er að sækja um Innkaupakort VISA á [www.visa.is](http://www.visa.is) og hjá öllum bönkum og sparisjóðum.  
Nánari upplýsingar í síma 525-2280.

Nýr dagur – ný tækifæri

**VISA**



# Vináttufundur norrænna Andrésarbræðra í Gautaborg

Eimpípan hvín. Nokkrum farþegum verður bilt við skerandi vælið. Hvítur gufustrókurinn þeytist upp, þéttist í svölu morgunloftinu og fellur yfir nærstadda sem fíngerður úði. Gufuskiði Bohuslän leggur frá bryggju í Gautaborg. Það er snemma morguns á laugardegi í lok ágúst. Um borð eru á annað hundrad St. Andrésarbræður ásamt systur. Ferðinni er heitið út í skerjagarðinn. Siglingin er aðeins einn dagskrárlíður á vináttufundi norrænna Andrésarbræðra.

Það þykir ekki tíðindum sæta þó íslenskir bræður heimsæki erlendar stúkur. En þessi fundur er sérstæður að því leyti að þarna koma saman bræður og systur frá öllum Norðurlöndunum og eiga góðar stundir saman í nokkra daga.

Sögu þessara funda má rekja í hartnær 60 ár en nú skiptast De fire roser í Árósum, Björgvín í Bergen, De tre förenade kronor í Gautaborg, og bræðrafélagið Erasmus í Finnlandi á að halda fundinn annað hvert ár. St. Andrésar stúkan Hekla í Reykjavík kom í fyrsta sinn formlega til þessa samstarfs í Gautaborg.

Íslensku þátttakendurnir, um fimmtíu talsins, mættu nokkru fyrr en aðrir fundargestir eða á miðvikudag. Bræðurnir voru ekki eingöngu úr Heklu því að þessu sinni eru nokkrir fleiri bræður með í förinni meðal annars stór hópur úr Hafnarfirði.

Það var vel tekið á móti þeim á Landvetter flugvellið af íslenskum bróður, Halldóri Sveinssyni, sem hefur verið búsettur í Svíþjóð um árabil, og er embættismaður í De tre förenade kronor. Ekið var á gististaðinn Hótel Óperu þar sem nokkrir embættismenn sænsku stúkunnar héldu stutta móttökuathöfn.

Um hádegisbilið daginn eftir var sérstök heimsókn í Frímúrarahúsið við Södra Hamngatan. Húsið var byggt upp úr aldamótum 1800 og er

nú friðað. Eftir að hafa þegið veitingar var bræðrum og systurum boðið í fundarsal Jóhannesarstúknanna. Þar var hátíðleg tónlistarstund. Það jók á hátíðleikann að öll ljós voru slökkt en dauf birta barst frá stjörnum prýddu loftinu. Eftir þennan inngang var öllum boðið í sal sem kallaður er súlnasalurinn. Eins og nafnið gefur til kynna er hann súlum prýddur en yfir honum hvefist loft með tilkomumiklu málverki. Yfir öllum dyrum eru úthöggna lágmyndir. Salurinn er að flestra álitu talinn fallegasti salurinn í Gautaborg og er oft leigður út til almennings en hljómburðurinn þykir henta einkar vel til tónleikahalds. Þarna var flutt stutt erindi um sögu hússins og starfsemina. Að erindinu loknu gafst bræðrunum kostur á að skoða aðrar vistarverur hússins eftir því sem þeir höfðu stig til. Sænsku bræðurnir buðu síðan öllum Íslendingunum í fiskmáltíð á nálægum veitingastað.

Á föstudag fóru fleiri norrænir bræður að streyma að. Finnsku bræðurnir höfðu lagt upp með ferju um nóttina frá Åbo yfir til Stokkhólms. Þaðan komu þeir svo akandi í rútu með Jóhannesarmeistarann Vesa Sinisalo við stýrið. Vesa þessi átti eftir að koma meira við sögu því um kvöldið voru allir norrænu bræðurnir viðstaddir forfrömun hans á IV/V stigið. Fundarsalur St. Andrésarstúkunnar reyndist ekki nægilega stór fyrir svo stóran hóp bræðra. Fór fundurinn því fram í Jóhannesarsalnum. Af skiljanlegum ástæðum verður ekki farið nánar út í að lýsa því sem þar fór fram. Vonandi er þó óhætt að segja að sú hugsun læddist að mörgum Íslendingnum að enn væri nokkuð langt í land við að samræma fundarsíði í öllum stúkum innan sænska kerfisins.

Í fundarlök vakti það nokkra undrun þegar falleg kvenrödd hljómaði um salinn. Þetta var einn styrkþegi sænsku frímúrarara-



Í fremri röð: Ivar Alvarsson, Stm. De tre förenade kronor og Júlíus Egilsson R&K St.Sm. Í aftari röð, f.v.: Frá Finnlandi Johan Moberg og Trygge Forssell, fráfarandi Stm., Bent Sörensen, Danmörku, Hans Petter Tillier, Noregi og Kristján Þórðarson, Íslandi. Ljós. Halldór Sveinsson.

reglunnar, söngkonan Karolina Anderson, að syngja „Gesellenlieder“ eftir Mozart.

Bróðurmáltíðin var rausnarleg þó allrar hófsemi hafi verið gætt.

Sérstök dagskrá var fyrir systurnar á meðan á St. Andrésarfundinum stóð. Hún hófst í Listasafninu þar sem höfðað var til tilfinninga og skilningarvita með tónlist, myndlist og töluðu orði sem skolað var niður með freyðandi víni. Picasso var í öndvegi í safninu þessa daga og fengu systurnar leiðsögn um þá sýningu ásamt fyrirlestri. Eftir þessa upplýftingu var boðið til laxaveislu á First hótél G. Ekki hefur greinarhöfundur neina hugmynd um hvað G-ið tákna í þessu samhengi.

Á laugardagskvöldið var sameiginleg kvöldveisla í Valanda veislusalnum og mættu þar um 300 manns. Þessi glæsilegu húsakynni eru í eigu Par bricole reglunnar sem sannarlega er ekki nein frímúrararegla. Við innganginn hangir stórt



Íslensku bræðurnir sem sóttu fundinn.

málverk af Carl Michel Bellman en hann er talinn andlegur faðir þessarar reglu. Þó ýmsum séu ef til vill fiskréttirnir í þessari veislu efst í huga þá er undirrituðum eftirminnilegast þegar Bo Maniette Stm. St. Jóh. Salomon à trois Serrures brá sér í gervi Evert Taube.

Vináttufundinum lauk síðan með guðsþjónustu á sunnudagsmorgun í súlnasal frímúrararahússins.

Einhver kann að velta fyrir sér

hvaða tilgangi svona fundir þjóni. Kristján Þórðarson Stm. Heklu verður fyrir svörum.

„Þeim er ætlað að veita bræðrunum innsýn í stúkustarfið í hverju landi fyrir sig. En jafnframt að stuðla að persónulegum kynnum bræðra og systra af öllum Norðurlöndunum.“

En hvernig skyldi Kristjáni hafa þótt til takast í Gautaborg?

„Sænsku gestgjafarnir tóku á móti okkur af miklum rausnarskap og virðast hvorki hafa sparað fé né fyrirhöfn. Dagskráin var ákaflega vel undirbúin og skipulögð. Nú er komið að okkur eftir tæplega tvö ár þegar fundurinn verður haldinn á Íslandi. Við verðum að leggja okkur vel fram til að verða ekki eftirbátar sænsku bræðrana.“

Sigmundur Örn Arngrímsson

## Kaffifundir eldri bræðra í Eddu

Bræðranefnd Eddu skipuleggur á þessu starfsári fjóra kaffifundi fyrir eldri bræður, 70 ára og eldri. Á þessum fundum hittast bræður sem starfað hafa í stúkunni um árabil. Auk þess sem boðið er upp á kaffi og meðlæti er flutt erindi á hverjum fundi. Á fyrsta fundinum, 1. október s.l., flutti br. Þorsteinn Sv. Stefánsson, IVR, erindi sem hann kallar „Að eldast“. Fundirnar hefjast kl. 15.00 og eru haldnir á sunnudögum og er næsti fundur 10. desember n.k. Eftir áramótin eru svo fundir 11. febrúar og 1. apríl.



Bræðranefnd Eddu.

Kaffifundir eldri bræðra hafa verið mjög vel sóttir. Myndin er tekin á fundinum 1. október. Bræður fá sér kaffisopa og hlýða á fróðlegt erindi br. Þorsteins Sv. Stefánssonar.



# Milt og gott alla ævi



Neutral þvottaefni inniheldur hvorki litarefni, ilmefni, bleikiefni né önnur aukaefni sem eru þekkt fyrir að geta kallað fram kláða og exem. Þess vegna minnkar þú hættuna á snertiofnæmi og ofnæmisviðbrögðum þegar þú þværð með Neutral - bæði hjá þér og börnum þínum. Neutral vörurnar eru viðurkenndar af dönsku asma- og ofnæmissamtökunum.

